

Sildaraflinn fjórum sinnum minni en í fyrra

Aðeins þrjú skip tilkynntu afla í nótt til sildarleitarnnar á Raufarhöfn, 330 tonn. Mikið var kastað á heim slóðum, sem Hafþór fann sildartorfunar í gær, en erfitt reyndist að ná henni. Hrafn Sveinbjarnarson GK, fékk hins vegar mjög gott kast all miklu suð-vestar og nær landi en veiðin hefur verið að undanfögnu eða á 69° 24' n.br. og 8° 10' v.l., og voru nokkur skip komin hangað í morgun og byrjuð að kasta.

Sildarafl sildveiðanna er nú orðinn 19.755 tonn en var á sama tíma í fyrra 80.358 tonn. Alls hafa 73 skip fengið afla. Mestur afli hefur borizt til Seyðisfjarðar, 6.372 tonn, til Raufarhafnar hafa komið 6.117 tonn, til Neskaupstaðar 2.555 og til Vopnafjarðar 2.774.

54 verk íslenzkra kvenna á sýningu

Hallveigarstaðir opnaðir í gær

Í gær var opnuð sýning á 54 listaverkum eftir 27 íslenzkar listakonur í salarkynnum kvennasamtaka landsins á Hallveigarstöðum við Túngötu í Reykjavík. Tilfni sýningarinnar er það að lokið er smíði Hallveigarstaða, sem í framtíðinni eiga að vera miðstöð íslenzku kvennasamtakanna.

Við opunarathöfnina voru viðstaddir ráðherrar og ýmsir forystumenn í þjóðmálum auk allmargra fulltrúa kvennasamtakanna. Frú Sigríður J. Magnússon, formaður framkvæmda-nefndar Hallveigarstaða rakti byggingarsögu hússins. Það er nú að mestu leigt borgardóm-araembættinu, en í kjallara hússins er fundarsalur, sem verður leigður út. Auk þess hafa Hús-mæðrafélagið og Kvenskátafélagið fengið inni í kjallara hússins en Kvenréttindasamband Íslands og Kvenfélagasamband Ís-


lands eru með skrifstofur á efstu hæð.

Afhentur var að gjöf frá Vestur-Íslendingum vandaður flygill

sem frú María Björnsdóttir afhenti en frú Sigríður Thorlacius flutti ávarp hennar með gjöfinni. Sigríður Guðmundsdóttir nemandi í 5 bekk MR vígði flyglinn með verki eftir Grieg en

Kolbrún Sæmundsdóttir og Eygló Haraldsdóttir léku fjórhent lag eftir dr. Pál Ísólfssoon.

Listsýningin á Hallveigarstöðum verður opin daglega kl. 2— Framhald á bls. 10



Á Hallveigarstöðum í gær. Á myndinni sjást m.a. Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra, Hákon Guðmundsson, yfirborgardómari, Davíð Ólafsson, bankastjóri, Skúli Þorsteinsson námsstjóri, Halldóra Bjarnadóttir, Þrjú listaverkanna á sýningunni til hægri.

Enginn virti hina slösuðu viðlits

Þrír bílar fóru fram hjá oltum bíl á Suðurlandsveginum, skammt frá Gunnarshólma fyrir ofan Reykjavík, án þess að ökumenn þeirra litu við hinni slösuðu konu, sem lá þar hjá bílnum. Hjálpar barst konunni ekki fyrr en flugkennari hjá Flugsýn, sem var í kennsluflogi yfir staðnum, gerði lögreglunni viðvart í gegnum flugturninn. Konan var ein í bifreið á leið austur, en lenti í lausamöl og missti stjórn á bílnum. Fór bíllinn tvær veltur á veginum og mun konan hafa kastast út úr bílnum í seinni veltunni.

20 íbúðir á tæpar 15 millj.

— Hagstætt byggingarverð á Ísafirði

Ísafjarðarbær hefur fengið einkar hagstætt tilboð í fjölbýlishúsi, sem bærinn ætlar að láta reisa og selja síðan á kostnaðarverði. Hér er um að ræða 20 íbúðahús, 8 2ja herbergja (60 ferm.) og 6 3ja herbergja (80 ferm.) og 6 4ra herbergja (90 ferm.) íbúðir. Hagstæðasta

tilboðið kom frá Páli Guðfinnsyni, Patreksfirði, 14.760 þúsund og skal hann fyrir þá upphæð skila húsinu fullfrágengnu, utan sem innan, öllum innréttingum nema hvað eldaveðlarsett er ekki reiknað með í verðinu. Húsið er 5677 m² og verður því kostnaðarverð byggingarinn

ar fyrir utan eldaveðlarsettíð og teikningar, sem ekki eru innifaldar í verðinu um 2600 krónur á rúmmetra.

Hér er um að ræða hagstæðara tilboð en menn eiga að venjast hér í Reykjavík. Þegar allt er reiknað ættu íbúðirnar í húsinu að kosta frá tæpum 600 þúsund krónum upp í rúm 900 þúsund og kemur það heim og saman við verðið á húsi Byggingarfélagss sjómanna og verka manna við Reynimel, sem frægt er orðið.

Húsið er teiknað samkvæmt teikningum Sigurjóns Sveinssonar og Kjartans Sigurðssonar en þeir teiknuðu samskonar hús fyrir Reykjavíkurborg sem byggð voru við Kleppsvægi fyrir tveimur til þremur árum og voru einungis gerðar nokkrar breytingar á teikningunum fyrir Ísafjarðarbæ vegna staðsetningar og tveim íbúðum fleira í húsinu eins og það verður á Ísafirði. Þegar þessi hús voru boðin út hér '64 kom hagstæðasta tilboð frá Sökkli hf. 11.480

Framhald á bls. 10

Þræðirnir liggja til ýmissa átta

Viðtal við Lúðvíg Hjálmtýsson, framkvæmdastjóra, um Reykjavíkurfund Norræna veitinga- og gistihúsasambandsins, en fundurinn hófst að Hótel Sögu kl. 10 í morgun

Í morgun hófst á Hótel Sögu, fundur Nordisk Hotel og Restaurantforbund, eða veitinga- og gistihúsasambandsins á Norðurlöndum.

Aður en fundurinn hófst,

hafði Visir tal af núverandi forseta sambandsins, Lúðvíg Hjálmtýssyni og fékk hjá honum eftirfarandi upplýsingar.

— Fundir sambandsins eru haldnir árlega, til skiptis í hóf-

uðborgum Norðurlandanna og er þetta í fjórða sinn sem fundur þess er haldinn í Reykjavík.

Við Íslendingar höfum nú verið í þessu sambandi í tæpar tuttugu ár og höfum haft af því mikið gagn.

— Er verðlag á veitinga- og gistihúsum sambærilegt á Norðurlöndunum?

— Það er mjög erfitt fyrir Íslendinga að vera sambærilega á því sviði, enda borgum við 300% meira fyrir hráefni til mat

argerðar, en mikið af því er innflutt. Sama er að segja um vélar og tæki til veitinga- og gistihúsa þessi tæki eru í háum tollaflokki. Hérlandis er einnig mun dýrara að stofna gistihús þar sem við þurfum að flytja svo margt inn til bygginganna, vélakost allan og hreinlætistæki. Við vinnum nú meðal annars að því að vélar þær sem notaðar eru til matargerðar fái innfluttar á sömu tollum og vélar til annars iðnaðar.

— Hvernig fara svo fundahöld ykkar fram í stórum dráttum?

— Frá hverju Norðurlandanna mæta þrír fulltrúar, auk framkvæmdastjóra sambandanna í hverju landi fyrir sig. Fulltrúar gefa yfirlit yfir ástand mála í viðkomandi löndum, hvað hafi áunnizt og hverju sé unnið að. Fulltrúarnir bera síðan saman bækur sínar og gera ályktanir.

— Hvað hefur helzt áunnizt á sl. árum hér á landi?

— Við höfum t. d. fengið breytingu á áfengislöggjöfnni sem er spor í rétta átt og enn fremur höfum við fengið ný lög um hótél- og veitingahúsa-rekstur. Ferðamálaráð hefur verið stofnað, en segja má að það sé grein af sama stofni og sambandið sjálft.

Að fundi loknum sendum við ályktanir til alþjóðasambands veitinga- og gistihúsa-eigenda, en við erum meðlimir í því. Sumar ályktanirnar eru aftur á móti sendar til einstakra ríkisstjórna, aðrar til Evrópuráðsins og enn aðrar til Sameinuðu þjóðanna. Þræðirnir liggja því til ýmissa átta.



Í morgun hófst í Reykjavík ársfundur Norræna veitinga- og gistihúsasambandsins. Fundurinn stendur í tvo daga og stýrir núverandi forseti þess, Lúðvíg Hjálmtýsson fundinum. Á myndinni sjást fulltrúarnir við fundarborðið að Hótel Sögu. (Ljós. Magnús).

Erkibiskupinn af Kantaraborg til Íslands

Ramsey erkibiskup af Kantaraborg er væntanlegur til Íslands í opinbera heimsókn á vegum íslenzku kirkjunnar á næsta ári. Þetta kom fram í ræðu biskups á prestastefnunni í gær. Hingað kemur hann eins og fyrr segir í boði íslenzku kirkjunnar og til að endurgjalda vinarboð biskupsins yfir Íslandi frá ensku kirkjunni, sem biskup Íslands þáði í desember s.l.

Erkibiskupinn af Kantaraborg er æðsti maður ensku biskupakirkjunnar. Ramsey hefur gegnt þessu mikilvæga embætti frá árinu 1961, en áður var hann erkibiskup af York.

Ramsey er fæddur árið 1904 og lauk prestsnámi árið 1928. Síðar gegndi hann prestsembættum víða um England, var síðan nokkur ár prófessor við háskóla í Englandi. Biskup af Durham var hann árin 1952—56 og síðan erkibiskup af York til 1961 er hann tók við embætti erkibiskups af Kantaraborg.

Uppbótarþingsæt- um úthlutað á morgun

Uppbótarþingsætum vegna alþingiskosninganna 11. júní sl. verður væntanlega úthlutað kl. 4 á morgun, miðvikudag að því er Einar Baldvin Guðmundsson, hrl. formaður Landskjörstjórnar tjáði Vísí í morgun. Gögn hafa borizt frá yfirkjörstjórnunum allra kjördæmanna, nema Reykjavík, en síðustu kjörgögnin komu frá Austurlandskjördæmi á mánu- dag.

20 íbúðir —

Framhald á bls 16.
Þúsund, fyrir hvert hús (þrjú alls). En þess ber að gæta að

þau hús voru tveimur íbúðum minni, sem áður segir, ennfremur er verktaka Ísafjarðarhússins ætlað að gera ýmislegt, sem ekki fólst í útboðinu hér í Reykjavík.

Loks er þess að gæta, hversu verðlag hefur hækkað frá 1964.

Ísafjarðarbæ voru heimiluð af not af teikningunum með leyfi borgarráðs Reykjavíkur. Þessi framkvæmd er nýmæli í sögu Ísafjarðar, en áður hefur bæ- inn byggt húsnæði til leigu.

Neytendur —

Framhald á bls 1 um, og að gæta hagsmuna neyt- enda.

Á fundi nefndarinnar, sem stendur yfir í tvo daga verður rætt um lausafjárkaupalögin,

neytendafræðslu í skólum og bílatryggingar.

Í nefndinni eru af Íslands hálfu Sveinn Ásgeirsson, hag- fræðingur, Björgvin Guðmunds- son, deildarstjóri og Þórir Ein- arsson viðskiptafræðingur.

Hallveigarstaðir

Framhald á bls 16

10 í kjallara byggingarinnar. Myndir eru eftir þessa listmál- ara: Barböru Árnason, Eyborgu Guðmundsdóttur, Grétu Björns- son, Guðmundu Andrésdóttur, Helgu Weissappel, Ingibjörgu Eggerz, Júlíönnu Sveinsdóttur, Jutta Guðbrandsson, Karen Agnete Þórarinnss., Kristínu Jóns- dóttur, Louise Matthíasdóttur, Mattheu Jónsdóttur, Nínu Tryggvadóttur, Ragnheiði Jóns- dóttur Ream, Ragnheiði Jóns- dóttur og Sólveigu E. Péturs- dóttur. Höggmyndir eru eftir Erlu Ísleifsdóttur, Gerði Helga- dóttur, Gunnfríði Jónsdóttur, Melittu Urbancic, Nínu Sæ- mundsson, Ólöfu Pálsdóttur, Þorbjörgu Pálsdóttur. Vefnaður er eftir Ásgerði Ester Búadóttur og Vigdís Kristjánsdóttur en leirmunir eftir Heidi Guðmunds- son og Steinunni Marteinsdótt- ur.

Kosningaskemmtun starfsfólks D- listans

Sjálfstæðisflokkurinn efnir til tveggja kosningaskemmtana fyr- ir þá fjölmörgu sem störfuðu fyrir D-listann fyrir og á kjör- dag í Reykjavík.

Kosningaskemmtanirnar verða í Lido og Hótel Borg föstudagskvöld. 23. júní kl. 8.30. Ómar Ragnarsson skemmtir og Finnian Manu sýnir akrobat- ik.

Miðar eru afhentir á skrif- stofu Sjálfstæðisflokksins í Sjálfstæðishúsinu v/Austurvöll (2. hæð) milli kl. 9 og 6.

Sjálfstæðisflokkurinn.

BÍLAKAUP

15-8-12

Seljum í dag og næstu daga:
Saab '67 fjörgengisvél
Toyota Corona '66 skipti á ödyrari
Bronco '68 skipti á ödyrari.
Falcon '65 station
Trabant '64 skipti á jepp
Prinz '63 skipti á Zephvire '63.
Consul 315 '62 skipti á Benz dísl
Benz 220 S '61 skipti
Zephyre '57 skipti á Benz 220
Benz 190 '56 skipti á V.W. rúg- brauði
Willys '47 með blæjum, ný upp smíðaður
Commer sendibíll '64 má greiðast með 5 ára skuldabréfi
Peugeot 403 '64
Chevrolet Corver '60
Renault R 8 '63 skipti á jeppa.

Nú er rétti tíminn til að gera góð kaup. Komið og reynið viðskiptin. Við afhendur að flestum ár- reiða.

Ílakaup

15812 og 23900

Skúlagötu 55. v/Rauðará.

Ferðaskrifstofa ríkisins með sumarhótelin Edda

Ferðaskrifstofa ríkisins mun að venju reka sumarhótel í heimavistum skólanna að Eið- um, Skógum, Varmalandi, Laug- arvatni og Menntaskólanum á Akureyri og aðstöðu fyrir ferða- menn til að liggja í svefnpokum í Sjómannaskólanum í Reykja- vík.

Hótelin eru rekin undir nafn- inu Hótel Edda og verða sam- tals um 460 rúm í þessum sumarhótelum. Öll þessi hótel hafa áður verið starfrækt af Ferðaskrifstofu ríkisins, og leyst úr miklum hótelskorti úti á landi.

Skátamót í Botnsdal

Skátafélag Akraness gengst fyr- ir skátamóti í Botnsdal í Hvalfirði dagana 29. júní — 2. júlí. Boðið er til þessa móts skátum hvaðan æva af landinu, en þó aðallega af Suður og Vesturlandi. Verður þetta í fjórða sinn, sem haldið verður skátamót í Botnsdal, en öll hin fyrri hafa verið mjög vel sótt.

Á skátavísu verður dagskrá mjög fjölbreytt á mótinu. Farið verður í gönguferðir um nágrennið og auk starfa við tjaldbúðirnar, sem munu standa í skóginum, verður farið í ýmsa leiki og keppt í skátaþrótt- um, en hverju kvöldi mun ljúka við varðeldinn.

Sérstakar fjölskyldubúðir, ætlað- ar eldri skátum með fjölskyldur sínar, verða þarna í fögru rjóðri á árbakka og geta þeir fengið mat keyptan fyrir fjölskyldur sínar á mótsstað. Laugardaginn 1. júlí verður svo sérstakur heimsóknardagur og verður þá foreldrum og almenn- ingi heimilt að heimsækja mótið.

SUMARBÚSTAÐUR

Til sölu sumarbústaður, skammt frá bænum. Góður bústaður, gott land. Bústaðurinn er 3 herbergi og eldhús. Hentugt til ársíbúðar. Strætisvagn stanzar skammt frá. Uppl. í síma 15812 og 23900 frá kl. 10—8 e.h.

Útför mágkonu minnar,

MAGDALENU GUÐJÓNSDÓTTUR
hjúkrunarkonu

fer fram frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 21. þ. m. kl. 2. e.h. — Blóm vinsamlega afþökkuð

Sigfús Jónsson.

VANUR RAFSUÐUMAÐUR ÓSKAST.

Steinstólpar hf. Súðarvogi 5. Símar 30848 og 20930.

GERMAN STUDENT

looking for a job over summervacation. Phone 13990.

HÚSRÁÐENDUR

Látið okkur leigja, það kostar ykkur ekki neitt. — Íbúða- leigumiðstöðin, Laugavegi 33, bakhús. Sími 10059.

VOLKSWAGEN

Til sölu Volkswagen árg. '55 með nýlegum mótör og ný- uppgerðum girkassa. Þokkalegur útlits. Uppl. í sínum 42076 og 42135.

23" sjónvarpstæki

sem nýtt til sölu af sérstökum ástæðum.
Selst á aðeins kr. 15.000,00. Uppl. í síma 52061

Tilboð

Óskast í eftirtaldir bifreiðir, sem verða til sýn- is fimmtudaginn 22. júní 1967, kl. 1—4 í porti bak við skrifstofu vora Borgartúni 7:

Volkswagen 1200 fólksbifreið árg. 1963
Mercedes Benz fólksbifreið árg. 1960
Ford Gal fólksbifreið árg. 1961
Austin 7 sendiferðabifreið árg. 1962
Austin 7 sendiferðabifreið árg. 1962
Austin 7 sendiferðabifreið árg. 1964
Austin 7 sendiferðabifreið árg. 1962
Taunus Transit sendiferðabifreið árg. 1963
Taunus Transit sendiferðabifreið árg. 1963
Citroën sendiferðabifreið árg. 1965
Citroën sendiferðabifreið árg. 1965
Volkswagen sendiferðabifreið .. árg. 1961
Taunus Transit sendiferðabifreið árg. 1965
Chevrolet Pick up árg. 1958
Ford langferðabifreið árg. 1951
Ford Thames vörubifreið árg. 1962
Land-Rover jeppabifreið árg. 1964
Land-Rover jeppabifreið árg. 1962
Willys jeppabifreið árg. 1966
Willys jeppabifreið árg. 1966

Tilboðin verða opnuð á skrifstofu vorri, Borg- artúni 7, sama dag kl. 4,30 e.h. að viðstödd- um bjóðendum.

Réttur áskilinn til að hafna tilboðum, sem ekki teljast viðunandi.

INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS

BORGARTÚNI 7. SÍMI 10140

BÓKAMARKAÐURINN KLAPPARSTÍG 11

Mikið úrval góðra bóka með gamla verðinu. — Notið þetta einstaka tæki færi og kaupið ódýra og góða bók. Verð frá kr. 10.00 — kr. 150.00. Komið og skoðið meðan úrvalið er sem mest.

BÓKAMARKAÐURINN KLAPPARSTÍG 11

BORGIN



BELLA

Hafið þið heyrt hvað forstjór- inn ætlar að gefa okkur í tilefni af afmæli fyrirtækisins? Hann ætlar að vera hálfum mánuði lengur í burtu í fríinu sínu.

Veðrið í dag

Hæðviðri og létt- skýjað. Hætt við síðdegisskúrur.

